

**Nd.**

**320. Nefndarállt**

um frv. til laga um eignar- og notkunarrjett hveraorku.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Meiri hluti allsherjarnefndar hefir komist að þeirri niðurstöðu, að á frv. sjeu allmiklir gallar, bæði að formi og efni til. Í fyrsta lagi er frv. ekki nægilega samræmt námal., nr. 50, 30. júlí 1909, og vatnal., nr. 15, 20. júní 1923, í öðru lagi telur meiri hlutinn ekki ástæðu til að ganga á eignarrjett þeirra manna, er hveraorku eiga, að svo miklu leyti sem almannabörf krefur þess ekki, en það er gert, ef frv. yrði að lögum, og má í því sambandi sjerstaklega benda á 12. gr. frumvarpsins.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að frv. verði vísað til stjórnarinn-

ar til ítarlegs undirbúnings fyrir næsta þing og verði afgreitt að þessu sinni með svo hljóðandi

**RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:**

Þar sem frv. þetta vantar ítarlegan undirbúning, bæði að formi og efni til, treystir deildin því, að ríkisstjórnin láti bæta úr þessu fyrir næsta Alþingi, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 9. apríl 1929.

Gunnar Sigurðsson,  
form. og frsm.

Magnús Torfason.

Hákon J. Kristófersson.